

NATHAN & OLSEN

Höfum til:

Pakjárn, bárótt og sljett.
Pakpappa.
Girðingarefni.

Höfum fengið miklar birgðir af okkar
viðurkenda óða

pakpappa.

J. Þorláksson & Nordmann.
Símar 103 og 1903.

M. b. „Emma“

Vestmannaeyjum

er nú þegar til sölu með öllu tilheyrandi. Baturinn er bygður úr eik — kantsettur. — Stærð 16,2 tons með 36 hesta Densiulvjel, raflýstur og með öllum fyrsta flokks útbúnaði. — Nánari upplýsingar gefur

Eiríkur Ásbjörnsson
Urðarstig 41, Vestmannaeyjum.



Lindarpennar

„Oma“, „Jewel“, „Parker“

Verð frá 10 kr.

Bókaverslun Arnbj. Sveinbjarnarsonar



Perrin
Wäsche



Knattspyrnufjélagið Víkingur.

Tennisvöllur

fjelagsins verður tekinn til afnota á morgun.

Peir fjelagar, sem hafa ekki trygt sjer leiktíma, tali við Gísla Sigurbjörnsson hjá Haraldi í dag.

Stjórnin.

Heilbrigðismálin.

Frá bæjarstjórnarfundum 3. maí.

Eftir ósk Magnúsar Kjaran voru heilbrigðismálin tekin til umræðu á bæjarstjórnarfundum.

Magnús hafði framsögu. Kvaðst hann atla að hleypa fram hjá sjer hinum stærri málunum, en minnst á nokkur hinna smærri, sem hægt væri að kippa í lag, án þess stórfje þyrfti til þess. Drap hann svo á þessi mál:

Göturykið er óþolandi í bænum og sú aðferð að söpa göturnar, er til þess fallin að þyrta rykinu upp. Það væri hægt að þvo göturnar á nóttunni, þær, sem malbikaðar eru.

Sorphreinsunin er langt á eftir tímanum bæði um aðferð og framkvæmd. Vagnarnir óhæfir og hrip- lekir. Sorpinu ekið suður í Tjarn- arenda, svo að allir bæjarbúar geti notið óðaumsins af því — og svo á þessi miðstöð skítalyktarinnar að verða skemtigarður! Grútarlyktin hátið hjá þessari lykt. Hún fer ekki fljótt, heitt er sjá má á því, að þegar heitt er í veðri leggur mikinn óðaun af sorpfyllingunni inni hjá Hringbraut. Nauðsynlegt að hirða sorkið jafnharðan; helst ætti að aka því á annan stað.

Fisksalan. Aðalbækistöð fisk- salanna, fiskskúrarnir, líklega al- dreu hreinsuð; þaðan leggur mikinn óðulykt. Götusalan aflei- t vegna óþrifalegra fiskiláta, spurs- mál hvort hún ætti að líðast. Sums- staðar er fiskur seldur í stöðum, sem ekki eru hæfir fyrir fiskisölu — og ekki aðeins fiskur, heldur líka smjör og kjöt!

Mjólkursalan. Samkv. reglugerð eiga að vera 12 mjólkurbúðir í bænum, en eru 45 löggiltar og 10 óleyfilegar; auk þess seld mjólk víða í eldhúsum og ljósum og ekk- ert á eimast við. Kostnaður við sölu í þessum búðum um 178 þús. kr. á ári. Mætti vel fækka búðunum nið- ur í 18 og „pasteur“-hita alla mjólk og spara þó á því um 100 þús. krónur. Er nauðsynlegt að ráða bót á þessu máli, því að þeg- ar taugaveiki kemur upp, er altaf hægt að rekja umptök hennar til mjólkur.

Pynklasmjör. Hingað berst ár- lega mikið af svonefndu pynkla- smjöri, sem dreift er út um bæinn. Þer smjörrið það með sjer, að eng- is þrifnaðar er gætt við það, illa og óþrifalega meðfarið, stundum svikið — en altaf getur af því stafað sýkingarhætta. Væri sjálf- sagt unt að fyrirbyggja verslun með slíkt smjör, með því að koma á smjörmati.

Eftirlit heilbrigðisfulltrúa frá- munalega ljelegt. T. d. er sagt, að hann hafi ekki litið inn hjá Mjólk- urfjélaginu í 5 ár. Það er eftirlits- leysi að kenna flest af því, sem af- laga fer í heilbrigðismálum. Eft- irlitsleysið á sinn þátt í því, að viðhalda skilningsleysi og kær- leysi um almannan þrifnað.

Út af þessu spunnust langar um ræður, en allar hnigu þær mjög í sömu átt, að hjer væri ófyrirgef- anlegt skeytingarleysi og eftirlits- leysi um að heilbrigðissamþykkt bæjarins væri framfylgt.

Úr umræðum:

Ágúst Jósefsson: Er M. K. þakk látur fyrir að hafa hreyft þessu og honum sammála: Yms ákvæði um heilbrigðismál orðin gömul og þurfa breytinga.

Sigurður Jónasson: Þakka M. K. fyrir að vekja máls á þessu, en vil fresta málinu til næsta fundar, svo að hægt sje að taka húsnæðismálið með og athuga, hver áhrif slæm húsakynni hafa á heilsufar yfir- leitt. Skora á húsnæðisnefnd að halda fund fyrir þann tíma.

Ólafur Friðriksson: Hjer vantar algerlega eftirlit með matvælum. Erlendis eru þau svikin og sjálf- sagt líka hjer. Einn maður hefir verið dæmdur fyrir að blanda vatni í mjólk. — undarlegt, ef

hann er sá eini, sem það gerir, svo mikil svikanáttúra sem er í mönn- um.

Jón Ásbjörnsson. Vil taka und- ir það, sem sagt var um sorpið hjá Tjörninni. Það er ófært að hafa það þar. Úr því síast í Tjörnina, en svo er ísinn af Tjörninni aftur notaður til að geyma í matvæli. Það er hægt að fylla upp sunnan við Tjörnina og taka efnið úr Tjörninni sjálfri. Það þarf hvort sem er að dýpka hana.

Magnús Kjaran. Jeg lít þannig á, að húsnæðismálið sje stórmál, sem ekki á að blanda inn í þessar umr. Jeg er ekki eins hræddur við vörusvik, eins og Ó. F., en jeg er hræddur við sóðaskapin og heil- brigðisnefnd (hjeraðslækni og lög- reglustjóri) gæti gert meira en hún gerir til þess að hnekkja hou- um.

Theodor Lindal. Það er ekki ástæða til þess að áfella heil- brigðissamþykktina eins og hún er, enda eru allir sammála um, að ólagið á heilbrigðismálum sje því að kenna, að henni er ekki fram- fylgt. Jeg leyfi mjer því að bera fram till. um það, að bæjarstjórn skori á heilbrigðisnefnd að sjá um að samþykktinni sje framfylgt einu og öllu, en sje það ekki fært, þá geri hún tillögur um breytingar.

Borgarstjóri: M. K. segir, að þetta sje smámál, sem ekki kosti mikið sje að lagfæra. En það kost- ar stórfje ef breytingar þær á að gera, sem hann hugsar sjer. Ef sorphreinsun ætti að vera svo, að aldrei safnaðist sörp fyra og aldrei myndist lykt af því, þá kost- aði hún mörgum þúsundum króna meira en nú. Götubvottur kostar svo mikið, að ekki er kleift að ráð- ast í hann. Útsvörin þykja nógu há hjer, þótt ekki sje farið að brjótast í því, þá er óframkvæm- anlegt. Um dýpku Tjarnarinnar hefir verið talað ár eftir ár, en aldrei þótt viðlit að ráðast í hana. Það væri fátíðlegt, að fara að end- urkoða heilbrigðissamþykktina. — Hún inniheldur alt, sem hún þarf að innihalda. Till. T. L. er skyn- samleg, en framkvæmdir og eftir- lit kosta mikið fje, og kannske það sje meiningin að bæta hjer við svo sem 2—3 heilbrigðisfulltrúum.

Hallgr. Benediktsson: Mjer þyk- ir borgarstjóri taka þetta nokkuð óstint upp. Mjer finst sjálfsgagt, að við athugum hvort ekki muni hægt að gera ýmislegt, þessum mál um viðvikjandi, á haganlegri hátt, en verið þótt viðlit að ráðast í hana. Að heilbrigðissamþykktin sje hald- in í nokkuru ariði. Allir eru sam- mála um, að hjer sje um sleifarlag að ræða og eftirlitsleysi og er ekki nema sjálfsgagt að við athugum og ræðum um hvernig hægt muni að bæta úr því.

Ágúst Jósefsson. Ut af mjólkur- málinu, skal jeg geta þess, að Mjólkurfjélagið hefir sent Lækna- fjélaginu erindi um það efni. — Læknafrjélagið skipað nefnd í mál- ið, en álit hennar er ókomið enn. Jeg hefi haft umsjón með sorp- hreinsuninni síðan 1918 og jeg fullyrði, að það er ekki hægt að framkvæma hana á ódýrari hátt. Hafa þrífaldlega verið gerðar til- raunir til þess, en þær hafa ekki tekist. Ef ætti að gera við hvern hús sjerstakar sörpkirnur, sem hægt væri að taka á bakið og bera út í vagn mundi það kosta bæjar- búa 100—150 þús. kr.

Ólafur Friðriksson. Ef slíkar sörpkirnur kosta ekki meira, er hægt að fá þær þegar á morgun. Þær kosta húseignendur ekki nema 25—100 krónur, eftir því hvað hús in eru stór. En það væri mikill verksparnaður að því að hafa þær, í stað þröngra láta, sem moka þarf upp úr. Jeg tel þýðingarlaust að vísa þessum málum til heil- brigðisnefndar. Þeir hjeraðslækni og lögreglustjóri hafa í öðru að snúast, og ef málum er vísað til beirra, mun það fá að sje tengt.

Tillaga Theodórs Lindal var sam- þykkt með samhlj. atkv. og önnur till. frá Magnúsi Kjaran um það, að bæjarstjórn feli borgarstjóra að rannsaka hvern kostnað það

Grammofónar og plötur

nýkomnar í stóru úrvali.
Öll ví sælustu löginn.
Litlu plötturnar á 1 kr. stk.
Ferðafónar, 7 tegundir.

Hljóðfærahúsið.

Uppboð.

Samkvæmt kröfu borgarstjórn- ans í Reykjavík og að undangeng- inni sætt verður húseignin Örtröð, í landi jarðarinnar Ártún í Mos- fellshreppi ásamt útihúsum og öll- um mannvirkjum seld til niður- rifs á opinberu uppboði, sem hald- ið verdaginn 9. þ. m., kl. 4 eftir hádegi.

Uppboðsskilmálar verða birtir á uppboðsstaðnum.

Skrifstofu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. maí 1928.

Magnús Jónsson.

Hreins vörur fást allstaðar.

HVERS VEGNA KAUPA KAFFIBÆTIR?

Sóley fáid þjer gefins, ef þjer kaupid og malað kaffi. Kaffibrensla Reykjavíkur.

Góðu, ódýru



hitafloðskurnar, komnar aftur. Einnig færslutösk- ur mjög hentugar, og „Patent“ floðskutappar.

Haraldur Arnason

hefði í för með sjer, að fá ný- tisku tæki til götubvotta og sorp- hreinsunar.